



Borgarráð
Ráðhúsinu
101 Reykjavík

Efni: Ársreikningur Reykjavíkurborgar fyrir árið 2020.

Inngangur.

Endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar (nefndin) hefur þrjú meginviðfangsefni sbr. ákvæði IX. kafla laga nr. 3 um ársreikninga og leiðbeiningar Viðskiptaráðs, Kauphallar og Samtaka atvinnulífsins. Þessi þrjú viðfangsefni eru fölgjín í eftirliti með:

- vinnuferli við gerð reikningssskila.
- fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits, innri endurskoðun og áhættustýringu.
- störfum ytri endurskoðenda.

Auk þessara viðfangsefna er nefndinni ætluð þau verkefni að :

- meta óhæði ytri endurskoðenda og hafa eftirlit með störfum þeirra.
- setja fram tillögu um val á ytri endurskoðendum og ráðningu innri endurskoðanda.

Viðfangsefni nefndarinnar lúta því að málum sem varða gerð og framsetningu fjárhagsupplýsinga til borgarstjórnar.

Um ársreikning 2020.

Vinna nefndarinnar vegna eftirlits við gerð og endurskoðun ársreiknings Reykjavíkurborgar hófst í október 2020 á því að nefndin fundaði með ytri endurskoðendum Reykjavíkurborgar, Grant Thornton endurskoðun ehf. (GT), þar sem farið var yfir endurskoðunaráætlun þeirra.

Nefndin gerði ytri endurskoðendum grein fyrir því sem hún metur helstu áhersluatriði og áhættuþætti í reikningsskilum Reykjavíkurborgar og eru nefndin og ytri endurskoðendur sammála um þessi atriði en þau eru tíunduð í endurskoðunarskýrslu GT.

Á því tímabili sem unnið hefur verið að endurskoðun ársreiknings Reykjavíkurborgar hefur nefndin átt marga fundi og önnur samskipti við ytri endurskoðendur Reykjavíkurborgar.

Nefndin fundaði með ytri endurskoðendum þann 26. þ.m. þar sem þeir kynntu drög að endurskoðunarskýrslu og kynntu helstu niðurstöður af vinnu sinni. Í skýrslunni koma fram nokkrar ábendingar en fram kemur að markvisst hafi verið unnið að úrbótum vegna þeirra ábendinga sem fram hafa komið.

Nefndin átti nokkra fundi með starfsmönnum fjármála- og áhættustýringarsviðs (FÁST) Reykjavíkurborgar meðan unnið var að gerð ársreikningsins og fékk nefndin kynningu sviðsins á drögum að ársreikningi 2020 og greinargerðum með ársreikningi á fundi þann 12. þ.m.



Í greinargerðum fagsviða og sjóða A-hluta og skýrslu FÁST er ítarleg umfjöllun um ársreikninginn og þar koma fram ýmsar gagnlegar ábendingar sem nefndin vekur athygli á.

Ársreikningar og endurskoðunarskýrslur allra B-hluta félaganna hafa verið yfirfarnar að hálfu nefndarinnar og skilað skriflegri umsögn um þá til stjórna þeirra. Einnig fundaði nefndin sérstaklega með stjórnendum og ytri endurskoðendum við lok endurskoðunar, auk þess sem fundað var með stjórnnum flestra félaganna þar sem farið var yfir umsagnir.

Nefndin hefur átt gott samstarf við þá stjórnendur sem koma að ársreikningsgerð Reykjavíkurborgar og gerð ársreikninga B-hluta félaganna sem og samstarf við ytri endurskoðendur Reykjavíkurborgar hefur gengið vel.

Nefndin leggur áherslu á að brugðist sé við öllum ábendingum sem fram koma í skýrslum ytri endurskoðenda en það er hluti af verkefnum nefndarinnar að fylgjast með viðbrögðum stjórnenda við þeim ábendingum sem fram koma í skýrslum ytri endurskoðenda.

Reikningsskil Reykjavíkurborgar fengu mikla umfjöllun innan nefndarinnar og þá einkum framsetning á samanteknum ársreikningi, A- og B-hluta. Nefndin fundaði með reikningsskila- og upplýsinganefnd sveitarfélaga vegna ósamræmis í lögum og reglum um framsetningu á samstæðureikningi og/eða samanteknum ársreikningi og reikningsskilaaðferðum. Einnig hefur verið fundað og verið í öðrum samskiptum við stjórnendur FÁST vegna reikningsskila A- og B-hluta. Nefndin óskaði greinargerðar frá FÁST vegna reikningsskila A- og B-hluta, en í minnisblaði frá FÁST dags. 1.4. 2021 er fjallað um álit reikningsskila- og upplýsinganefndar nr. 1/2020, tilkynningu nefndarinnar frá 19. mars 2021 og matsaðferðir í reikningsskilum Reykjavíkurborgar. Í minnisblaðinu kemur fram það mat FÁST að samantekinn ársreikningur Reykjavíkurborgar fyrir árið 2020 sé gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga nr. 3/2006, reglugerð 696/2019 um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015. Í áritun óháðra endurskoðenda á ársreikninginn kemur fram það álit að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu borgarinnar 31. desember 2020 og afkomu hennar og breytingu á handbæru fé á árinu 2020, í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög.

Í skýrslu og áritun borgarstjóra og borgarráðs sem og í skýringu 55 er fjallað um áhrif COVID-19 veirufaraldursins. Þar kemur fram að fjárhagsstaða Reykjavíkurborgar sé sterk og að borgin hafi fjárhagslegan styrk til þess að taka á sig veruleg áföll vegna afleiðinga faraldursins.

Það er álit endurskoðunarnefndar að ársreikningurinn sé tilbúinn til afgreiðslu að hálfu borgarstjórnar.

Virðingarfyllst,

f.h. endurskoðunarnefndar